

Þingsályktun

um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd bókun um breytingar á alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerð var í Ósló 5. desember 1989.

Samþykkt á Alþingi 14. desember 1993.